

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 135/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1987 frá 31. október 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 15 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1986 frá 3. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 4 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1989 frá 6. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 12 ⁽³⁾.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „- **32017 R 1987**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1987 frá 31. október 2017 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 63),
- **32017 R 1988**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/1988 frá 3. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 72),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 72.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 84.

- **32017 R 1989**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1989 frá 6. nóvember 2017 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2017, bls. 84).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1987, (ESB) 2017/1988 og (ESB) 2017/1989, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.